

Hér á eftir er umsögn um þingmál frá Guðmundi Tyrfingssyni ehf að beiðni Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna eftirfarandi frumvarps:

Alþingi

Erindi nr. P/138/624

komudagur 9.12.2009

Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum, 239. mál.

Breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald með síðari breytingum.

1. gr.

Hér er lagt til að fjárhæð olúgjalds hækki úr Kr. 51,12 á hvern lítra af olíu í Kr. 52,77 á hvern lítra af olíu. Þessi hækkun ásamt fyrirhugaðri hækkun á virðisaukaskatti úr 24,5% í 25% verður til þess að hækka þarf gjaldskrá allra þeirra sem stunda rekstur sem er háður því að stór hluti aðfanga er olíukaup á fólksflutningabifreiðir eins og er í tilfelli umsagnaraðila. Búið er að gefa út verðskrá fyrir næsta ár og er mjög erfitt að breyta henni því kemur hækkun sem þessi ákaflega illa fyrir þær atvinnugreinar sem eru að gera út á að laða til sín ferðamenn. Hækkunin ein og sér á olúgjaldinu er 3,13% en með þeim samlegðaráhrifum sem koma til vegna hækkunar á VSK þá er hækkunin bara á þessum þætti 4,5%.

2. gr.

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Hér er lagt til að fjárhæð bifreiðagjalds á bifreiðar með eigin þyngd umfram 3.000 kg hækki úr Kr. 2.818 í Kr. 3.100 af hverju byrjuðu tonni umfram 3.000 kg. Einnig hækkar hámarks gjald úr Kr. 50.976 í Kr. 56.074. Hér er um að ræða hækkun uppá 10,1%. Hækkun þessi mun óhjákvæmilega verða til þess að hækka þarf verðskrá, flestar ef ekki allar bifreiðar félagsins eru í þessum flokki.


Nauðsynlegt er að horfa til þess þegar fara á út í svona hækkun að það er ekki hægt að treysta á það að ferðamanniðnaðurinn haldi áfram að vaxa eins og hann hefur gert á undanförunum árum komi til boðaðra hækkana. Áætlað er að á líðandi ári verði fjöldi þeirra ferðamanna sem koma til landsins hálf milljón og hefur því verið spáð að þessi tala muni ná einni milljón árið 2015.

Álögur á þessa grein hafa hækkað mikið undanfarin ár. Vissulega hafa stjórnvöld lagt sitt af mörkum til að hlúa að þeim sem starfa í þessari grein með því að endurgreiða hluta af virðisaukaskatti sem verður til vegna endurnýjunar á fólksflutningabifreiðum að uppfylltum skilyrðum um aldur og mengunarstaðla. Því miður hefur það ekki dugað til þar sem aðrar álögur hafa hækkað gríðarlega og menn ekki getað nýtt sér þessa endurgreiðslu þar sem hluti þeirra bifreiða sem keyptur hefur verið til landsins uppfyllir ekki framangreind skilyrði.

Nú ber svo við að sveitarfélögin Akranes, Borgarnes, Hveragerði og Árborg hafa einkaleyfi til að sjá um almenningsamgöngur með bifreiðum í áætlunarferðum og eru sveitarfélögin því komin í samkeppni við fólksflutningafyrirtækin um akstur farþega. Kveðið er á um að í 6. gr. nr. 87/2004 að handhafar slíkra einkaleyfa skulu fá endurgreitt 85% olúgjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum. Jafnframt segir í 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi að einkaleyfishafi getur falið öðrum að annast reglubundna fólksflutninga samkvæmt einkaleyfi tímabundið. Með þessu er verið að búa til mismunun með því að skekkja samkeppnisstöðu milli fyrirtækja.

Virðingarfyllst

f.h. Guðmundar Tyrfingssonar ehf.


Sigrður Benediktsdóttir

